

175. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 10. desember 2019, Skypefundur

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Eyjólfur Bjarnason, Magnús A. Sigurðsson, Karl Kristjánsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 11:00.

Fundargerð 174. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Framtíð Breiðafjarðar: fræðslukvöld

Stefnt að fræðslukvöldum um framtíð Breiðafjarðar, í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands, í janúar. Um væri að ræða nokkurs konar útdrátt frá málþinginu sem haldið var í Tjarnarlundi í Dalabyggð í október. Gefið verður svigrúm fyrir umræður og fyrirspurnir.

Afgreiðsla:

Ritara falið að finna heppilegar dagsetningar eftir áramót. Byrjað verður á Snæfellsnesi, svo farið í Dali, Reykhóla og Vesturbyggð. Samþykkt að óska eftir samstarfi við sveitarfélögin varðandi framkvæmd.

Staða styrktra verkefna:

- Öryggis- og umgengnisbæklingur, Náttúrustofa Vesturlands og Anok.
 - Í vinnslu hjá Anok.
- Fornminjakort í Flatey, Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna.
 - Athugasemdir Breiðafjarðarnefndar hafa verið sendar til Fornleifafélagsins sem er að leggja lokahönd á hönnun.
- Mat á búsvæðanýtingu fiskseiða á innanverðum Breiðafirði, Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum.
 - Í vinnslu. Anja Nickel, doktorsnemi, er að vinna handrit til birtingar byggt á þeim gögnum sem safnað var. Skýrslunni verður skilað samhliða þeirri grein, líklega um miðjan janúar.
- Vistfræðilegt hlutverk strandsjávárþúsveða á Breiðafirði, Vör sjávarrannsóknasetur.
 - Lokið. Nefndin óskar eftir því að fulltrúar Varar komi á næsta fund nefndarinnar og kynni niðurstöður.
- Örnefnaskráningar, Náttúrufræðistofnun Íslands.
 - Skilað inn til Landmælinga Íslands.
- Fjöruvísir – gerð kennsluefnis, Svæðisgarður Snæfellinga og Vör sjávarrannsóknasetur.

- Að mestu lokið. Ragnhildur sendir drög að yfirlitskorti yfir fjörusvæði Snæfellsness til nefndarinnar. Ritari mun óska eftir kynningu frá Vör á næsta fundi.

Fjármál nefndarinnar 2019

Yfirlit yfir fjármál nefndarinnar 2019 lagt fram.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Fjármál nefndarinnar 2020

Drög að fjárhagsáætlun nefndarinnar fyrir 2020 lögð fram.

Afgreiðsla:

Drög samþykkt.

Önnur mál

Lagt hefur verið fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

Næsti fundur:

Næsti fundur verður haldinn í Stykkishólmi í janúar.

Fundi slitið kl. 12:00